

Leiðbeiningar til sjúkraþjálfara vegna umsóknar um mat á menntun, skv rammisamningi sjúkraþjálfara og SÍ.

Sjúkraþjálfari sem lokið hefur 30 ECTS framhaldsnámi skal fá 2,5 % álag á einingaverð.

Sjúkraþjálfari sem lokið hefur 60 ECTS framhaldsnámi skal fá 5 % álag á einingaverð.

Skilyrði þess að námskeið/nám sé metið til álagsgreiðslna er að það nýtist í starfi sjúkraþjálfara.

Framkvæmd

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun skulu eftirfarandi gögn send **rafænt** til Félags sjúkraþjálfara á netfangið sjukrathjalfun@bhm.is:

Eyðublaðið „Umsókn um álag vegna framhaldmenntunar sjúkraþjálfra annarra en sérfræðinga“, útfyllt til fullnustu og undirritað.

Almennar upplýsingar um nám og/eða listi yfir námskeið:

Listi yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, ECTS einingafjöldi/tímafjöldi og dagsetningar. Samantekt í lokin þar sem ECTS einingafjöldi/tímafjöldi er tekinn saman.

Þegar er um formlegt diplománám/meistaránám/doktorsnám er að ræða er nóg að framvísa staðfestu ljósriti af prófskírteini.

Fylgigögn: Afrit sem sannar þátttöku viðkomandi í öllum tilteknum námskeiðum.

Í þeim tilvikum sem vafi gæti leikið á hvort nám/námskeið nýtist í starfi sjúkraþjálfara, þarf að fylgja umsókn frekari rökstuðningur og/eða nánari útlíun svo sem: Upplýsingar um námskeiðið, fyrirlestra og annað námsefni, ásamt tímalengd hvers þáttar.

Gögn skulu lögð fram skv. leiðbeiningum þar um. Samráðsnefnd FS/SÍ um mat á menntun áskilur sér rétt til að hafna skoðun gagna sem ekki fylgja þeim leiðbeiningum í hvívetna.

Umsóknargjald, kr. 8.300, mun birtast í heimabanka viðkomandi. Umsókn er ekki tekin til skoðunar fyrr en það hefur verið greitt.

Félag sjúkraþjálfara, kt: 420113-0480, reikningsnúmer: 0301-26-000820

Sé umsókn hafnað skal tilgreina hvort um sé að ræða ófullnægjandi gögn eða hvort að tiltekin námskeið uppfylli ekki skilyrði um að nýtast í starfi.

Sé umsókn hafnað er umsóknargjald EKKI endurgreitt. Vilji viðkomandi sækja um aftur þarf að greiða nýtt umsóknargjald.

Álitamál sem upp kunna að koma eru tekin fyrir á fundi samráðsnefnd FS og SÍ um mat á menntun. Fundir eru haldnir tvisvar á ári eða eftir þörfum. Ljóst er að nú fyrstu mánuðina sem þetta ákvæði er virkt mun samráðnefndin funda mun oft og gera sér far um að afgreiða umsóknir sem allra fyrst.

Fylgiskjal 1 - matsreglur

Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en tveggja ECTS eininga. Tólf kennslustundir skulu metnar til tveggja eininga ef nám er ekki samfellt, en þó aldrei fleiri eininga en sem nemur tveimur einingum á viku, og að lágmarks kennslustundafjöldi sem er metinn, eru 4 stundir eða $\frac{2}{3}$ ECTS eining.

Þannig gildir að:

- **Námskeið sem stendur viku eða skemur:** Ef 4 klst fær námskeiðið 0,67 ECTS einingar. Ef skemur en 4 klst fær námskeiðið 0 ECTS einingu. Ef námskeiðið er 12 klst eða meira fær það 2 ECTS einingar. Ef námskeiðið er meira en 4 klst og minna en 12 klst notast formúlan: $\text{klst} \times (2/3)/4$. Þannig að t.d. 8 klst námskeið er þá: $(8 \times (2/3))/4 = 1,33$ ECTS einingar.
- **Námskeið sem er ekki samfellt:** Hér gildir að 12 klst eru metnar til tveggja ECTS eininga, en þó aldrei meira en sem nemur 2 einingum á viku og lágmarks kennslustundafjöldi sem er metin, eru 4 stundir eða $\frac{2}{3}$ ECTS eining.
- **Ef tvö eða fleiri námskeið lenda á sömu vikunni (miðað er við 7 daga reglu):** Ekki er hægt að fá fleiri en 2 ECTS einingar fyrir vikuna.

Leyfilegt er að telja fram formlegt nám á háskólastigi sem sannarlega eru viðbótarmenntun við nám sjúkraþjálfara. Einnig er leyfilegt að telja fram námskeið sem sannarlega eru viðbótarmenntun við nám sjúkraþjálfara, t.d. á vegum fagfélaga sjúkraþjálfara og námskeið á háskólastigi.

Þjálfaranámskeið og ráðstefnur eru **ekki** metnar til ECTS eininga.

Fylgiskjal 2 – mat ýmiss náms sem er þekkt (listinn vonandi lengist þegar fram í sækir)

Paris nám, eingöngu klinískt (Manual Therapy Certification), er metið til 40 ECTS eininga að lágmarki.

Paris nám, bóklegt og klinísk, getur verið metið til meira en 60 ECTS eininga. Einingar eru reiknaðar fyrir hvert bóklegt námskeið fyrir sig.

Motor Control APEL nám er metið til 15 ECTS eininga.

HAM nám er metið til 10 ECST eininga.

Athugið að verið er að taka saman lista þekktra námskeiða og hvernig þau eru metin og mun hann verða settur inn hér á heimasíðuna fljótlega.

Reykjavík, dags. 31.mars 2016

**Unnur Pétursdóttir,
Formaður FS**

**Samráðsnefnd FS um mat á menntun
Rúnar Marinó Ragnarsson
Sólveig Steinþórsdóttir**